

FSu Kennsluáætlun í STÆR1AJ05

Vorönn 2020

Markmið áfangans:

Að þjálfra rökræna hugsun nemenda og að efla reikningslega færni þeirra með því að veita þeim innsýn í reiknireglur og notkun þeirra.

Kennslubók og önnur hjálpargögn:

STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarson útg. 2012

Ítarefni sótt í aðrar bækur eða samið af kennurum.

Vasareiknivél-scientific. (Ekki fartölvur eða gsm-síma)

Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn **rasmus.is** og **Wolfram Alpha.com** (frekari uppl. hjá kennara).

Áfangalýsing:

Lagður er grunnur að öguðum vinnubrögðum, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna og þrauta. Megin viðfangsefni eru upprifjun á talnameðferð, einfaldur bókstafareikningur, prósentureikningur og jöfnur.

Námsmat:

Annareinkunn gildir 30% af lokaeinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi. Í áfanganum eru 4 lotur.

vægi lokaprófs er:	70 %
vægi lotueinkunna er:	30 %

Nái nemandi meðaleinkunn **6,0** eða hærra í öllum lotuprófunum (má fá minna í einu prófi 4,5) sem tekin hafa verið á tilsettum tíma og skilað öllum tímaverkefnum og fengið meðaleinkunn **7,0** eða hærra í þeim og einnig mætt vel í kennlustundir og verið vel virkir í námi alla önnina, þá er möguleiki fyrir hann að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn.

Lotupróf/Verkefnaskil/Vinnubók

Á önninni verða lögð fyrir 4 **lotupróf** og nokkur **tímaverkefni/æfingaverkefni**. Nemendum ber að taka öll lotuprófin og skila öllum verkefnum á réttum tíma. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda/forfallapróf í samráði við kennara við fyrsta tækifæri. Sé lotupróf ekki tekið eða heimaverkefni ekki skilað þá er gefin einkunnin núll fyrir það. Við ákvörðun annareinkunnar og lokaeinkunnar er litið til verkefnaskila og árangurs í þeim, árangri í lotuprófum og virkni í tímum/heima.

Áætlun um yfirferð og kennslu á önninni

<u>vika</u>	<u>kafla</u>	<u>síða</u>	
2-3.	1.	7-24	
3.-4.	1.-2.	25-31	Lotupróf 1.
5.-6.	2.-3.	32-44	
7.-8.	3.	45-56	Lotupróf 2.
9.-10.	3.-4.	56-71	
11.-12.	4.	72-84	Lotupróf 3.
14.-16.	5.	89-97	
17.-18.	5.	98-101	Lotupróf 4.
19.	1-5	Upprifjun	

Athugasemdir og skýringar:

Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir **F**. Nemandi skal ávallt mæta í kennslustundir með þann búnað sem til þarf. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda. Stærðfræðitímar eru fyrst og fremst vinnutímar, notkun farsíma og fartölva er þar af leiðandi ekki leyfð.

F.Su. 6.1. 2018

Með fyrirvara um breytingar og ósk um góðan árangur á önninni,

Kjartan Ólason (KÓ),

